

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 18. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (653.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á fjölmörgum skattalagaákvæðum.

Viðskiptaráð gerir einkum tvær athugasemdir við frumvarp þetta. Annars vegar að breyting í 5. gr. frumvarpsins, er varða skyldu til að halda eftir í staðgreiðslu skatti af söluhagnaði hlutabréfa, muni koma til með að reynast nær óframkvæmanleg og hins vegar að fella eigi brott sólarlagsákvæði laga um umhverfis- og auðlindaskatta, sem ella hefðu fallið brott í árslok.

Hvað varðar 5. gr. frumvarpsins þá skiptir þar mestu að greiðandi söluhagnaðar af hlutabréfum hefur í fæstum tilvikum upplýsingar um stofnverð hlutabréfanna hjá seljanda. Viðkomandi greiðandi, kaupandi bréfanna eða milligönguaðili, á því erfitt um vik með að ákvarða rétta fjárhæð til að halda eftir og skila í ríkissjóð. Þá er kveðið á um í ákvæðinu að réttilega ákvörðun og innborgun skattgreiðsla af söluhagnaði seljanda með erlent heimilisfesti teljist fullnaðargreiðsla skattsins og því þurfi ekki að fara fram frekari ákvörðun eða álagning. Eins og bent hefur verið á þá gengur þetta á skjön við þá staðreynd að félög með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem heimilisföst eru á EES-svæðinu, eiga rétt til frádráttar fjárhæðar sem söluhagnaðinum nemur.¹ Að auki gengur skattlagning söluhagnaðar hér á landi gegn fjölmörgum tvísköttunarsamningum þar sem meginreglan er sú að slíkur hagnaður skuli eingöngu skattlagður í heimilisríki seljandans. Nóg er um ástæður fyrir erlenda aðila að leggja ekki í fjárfestingar hér á landi án þess að bætt sé um betur með þessum hætti.

Viðskiptaráð leggur til að 5. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Með 10. gr. frumvarpsins er sólarlagsákvæði laga um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009 felld brott sem leiðir til þess að skattheimtan verður varanleg. Viðskiptaráð lagðist gegn þeim lögum á sínum tíma m.a. á þeim grunni að þau hefðu ekki verið samin í samráði við hlutaðeigandi fyrirtæki, skattlagningunni væri beint að ákveðnum atvinnugreinum og væri því til þess fallin að hafa bein áhrif á samkeppnisstöðu þeirra, skattlagningin myndi leggjast með ólíkum hætti á fyrirtæki og að með henni væri dregið úr gagnsæi í verðlagningu raforku og heits vatns og orkuverð hækkað – til viðbótar við aukna neysluskatta og tekjuskatta heimila og fyrirtækja.² Þá hefur verið bent á að ekkert mat hafi fylgt lögnum um vænt áhrif skattheimtunnar til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda auk þess sem skatturinn hafi ekki skilað þeim tekjum sem stefnt var að í upphafi, líkt og fleiri skattahækkunar síðustu ára.³

Viðskiptaráð leggur til að 10. gr. frumvarpsins verði felld brott

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

¹ Sjá m.a. umsögn KPMG við frumvarpið.

² Sjá umsögn Viðskiptaráðs dags. 11.12.2009 við þingmál 257.

³ Sjá m.a. umsögn SA við frumvarpið.